

Nýtt landslag - nýjar áskoranir

Staða landbúnaðar á Íslandi í breyttum heimi

Ráðstefna á Bifröst föstudaginn 13. apríl

Óbreytt ástand – hverjum í hag?

Ráðstefnunni er ætlað að kynna og miðla því sem efst er á baugi í ríkjandi þróun landbúnaðarumhverfisins hér á landi og erlendis; hvetja til uppbyggilegrar umræðu um kosti og galla núverandi fyrirkomulags; ræða framtíðargildi breyttrar eða óbreyttrar landbúnaðarstefnu; og að lokum, þau tækifæri sem liggja inn í framtíð.

Liggur framtíðin í óbreyttu ástandi?

Ef ekki, hverju þarf að breyta í núverandi landbúnaðarstefnu til að tryggja bændum eðlileg kjör og sókn til fjölbættari atvinnutækifæra – innan eða utan ESB? Eru bændur sáttir við óbreytt ástand? Hver er sýn bænda til framtíðar?

Nokkrar spurningar sem leitast verður við að svara:

Hverjir eru kostir og gallar núverandi fyrirkomulags?

Hverjir eru valkostir neytenda?

Hvernig er hægt að tryggja að hagsmunir bænda og neytenda fari saman eða er það óhjákvæmilegt að takmarka val neytenda til að gæta hagsmuna bænda?

Hvaða leiðir má fara til að tryggja þokkalega afkomu bænda og sátt við neytendur og samfélagið?

Viljum við hamla á móti ríkjandi þróun - eða laga hana að breyttum aðstæðum?

Hvaða áhrif hefur aðild Íslands að WTO?

Hver er þróunin þar innan og er sú þróun langt frá þeirri þróun sem á sér stað innan ESB? Hvaða áhrif hefur það á stöðu íslenskra bænda náist samkomulag um nýtt regluverk innan WTO?

Einnig verður komið inn á umræðuna um sjálfbærni, endimörk vaxtar í takmörkuðum heimi“, siðferði, vistspor, lífræna framleiðsla, iðnaðarlandbúnað, fæðuöryggi og „grenndar“-framleiðslu.

Sérfræðingar á sviði landbúnaðar-, neytenda- og matvælamála halda fyrirlestra og

hagsmunadilar úr ólíkum undirgreinum atvinnugreinarinnar segja frá reynslu sinni.